

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá fyrir sérstök eftirlits- og þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins nr. 572/2001.

2. mgr. 2. gr. orðist svo: Fyrir hverja gjaldeiningu skal greiða kr. 1.045.

Breyting þessi á gjaldskrá sem sett er samkvæmt 2. mgr. 49. gr. laga nr. 46/1980, sbr. 15. gr. laga nr. 68/2003, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, staðfestist hér með og öðlast þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 5. nóvember 2003.*

**Árni Magnússon.**

*Gylfi Kristinsson.*

Nr. 840

30. október 2003

## AUGLÝSING

### um starfsreglur kirkjuþings um breyting á starfsreglum um prestssetrasjóð nr. 826/2000.

#### „STARFSREGLUR

um breyting á starfsreglum prestssetrasjóð nr. 826/2000.

1. gr.

Við starfsreglurnar bætist ný 6. gr. svohljóðandi:

*Um meðferð greiðslumarks sauðfjár á prestssetursjörðum.*

Ef greiðslumark fylgir prestssetursjörð skal presti eða vörsluaðila heimilt að selja það presti á annarri prestssetursjörð í umsýslu prestssetrasjóðs með endurkaupsákvæðum. Greiðslumark sauðfjár er hluti af þeim eignum og réttindum sem fylgja prestssetrum sem ekki eru talin til fasteignamats jarðarinnar. Stjórn prestssetrasjóðs ákveður árlega afgang, sem prestur innir af hendi vegna umsýslu prestssetrasjóðs. Kúgildi prestssetursjarða skulu standa óbreytt og geta aldrei verið hluti af greiðslumarki.

2. gr.

6. gr. verður 7. gr. og tölusetning annarra greina starfsreglnanna breytist á sama hátt.

3. gr.

Starfsreglur þessar sem settar eru með heimild í 59. gr. laga um stöðu, stjórn og starfs-  
hætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 öðlast gildi nú þegar.

*Gjört í Reykjavík, 30. október 2003.*

Hulda Guðmundsdóttir,  
varaforseti kirkjuþings.

Guðmunda Kristjánsdóttir  
þingskrifari.“